

**Rektorsskrifstofa**

23. október 2020/ÞK

## **Bókfærð mál f. fund 5. nóvember 2020**

### **Liður 7.b. Endurskoðaðar verklagsreglur um undirbúning og stofnun nýrra námsleiða**

#### **Skýring**

Endurskoðun á fyrirliggjandi verklagsreglum um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða frá 4. mars 2010 hefur legið fyrir nú um nokkurt skeið, m.a. til þess að laga verklagið betur að Kröfum og leiðbeiningum fyrir gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. European Standards and Guidelines (ESG) 2015). Sjá [European Standards and Guidelines \(ESG\) 2015](#)

Gæðastjóri, í góðu samráði við sviðsstjóra kennsluviðs, leggur nú fram drög að endurskoðaðri verklagsreglu um skipulag og samþykkt nýrra námsleiða. Drögin hafa fengið umfjöllun á vettvangi sviðsforseta og í kennslumálanefnd háskólaráðs. Ekki er um miklar efnisbreytingar að ræða frá gildandi reglum, en þó eru nýmæli um að fjalla skal um tillögu að nýrri námsleið í kennslunefnd sviðs, í fjármálanefnd og kennslumálanefnd háskólaráðs áður en til endanlegrar samþykktar háskólaráðs kemur.

Verklagsreglan nær einungis til samþykktar nýrra námsleiða og er nú unnið að verklagsreglu um símat og reglulega endurskoðun námsleiða í tengslum við mat á faglegum einingum á vettvangi Rammáætlunar um eflingu gæða (QEF).

Tilvísun í gildandi verklagsreglur:

[https://www.hi.is/sites/default/files/sigs/Skjol/verklagsreglur\\_um\\_undirbun\\_namsleida\\_040310.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/sigs/Skjol/verklagsreglur_um_undirbun_namsleida_040310.pdf)